

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 20.01.2018.

Fundarstaður: Álftanesi

Fundur settur kl. 13:00. Mættir eru : GS, KSI, BB, HB í fjarfundarbúnaði

- Umræður um styrk frá Orkubúi Vestfjarða ræddur sem Ævar Petersen gæti hugsanlega fengið til útgáfu bókar. Hann telur ólíklegt að hann ætti að sækja um, aðrir eru að sækja í sjóðinn og hann þyrfti mun meira í útgáfu bókarinnar en þessi styrkur hljóðar upp á. Stjórn FFF telur starf ÆP við að safna saman og varðveita þessar upplýsingar og staðreyndir mjög mikilvægt og vill styðja það eins og hægt er. Tillaga samþykkt að stjórn óski eftir fundi með Ævari til að ræða hugmyndir hans um bókina.
- Aðalfundagerð FFF rædd og farið yfir atriði sem stjórn var falið.
- Umræða um aukið vægi heimasíðu FFF. Erindi frá Gunnari Sveinssyni lagt fram þar sem hann býður fram krafta sína við að viðhalda henni. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að fela Gunnari að leiða ritnefnd. Daði yrði tengiliður stjórnar við ritnefnd. Gyðu falið að ræða við Gunnar um næstu skref og aðra aðila í ritnefnd.
- Umræður um stígagerð og áningarstaði. Óskar Eypórsson mun kanna verð á endingagóðum bekkjum frá Úkraínu. Stígar eru orðnir viðhaldsþurfi. Álag á svæði innan við Lundaberg er orðið mikið. Hugmyndir settar fram um að bera möl ofan í moldina á milli þúfnanna í stað þess að beita vélum í rask.
- Umræður um stjórnun og verndarsvæði friðlandsins í flatey. Samskipti við UMS um skiltagerð, útlit og hönnun þeirra er í gangi. Ekki er komin endanleg tillaga enn þá um útlit, en umræður um efnisval og tilhögun eru í gangi. Hildur Vésteinsdóttir tók við keflinu af Hákonni hjá UMS og heldur starfinu áfram.
- GS gerði grein fyrir málefnum Ferjubryggju í Flatey. GS sendi póst til sveitarstjóra með fyrirspurn um hvort eitthvað hafi verst. Svör bárust. Reykhólahreppur hefur verið í samskiptum við Siglingasvið Vegagerðarinnar og fékkst byggingastyrkur til verksins. Reykhólahreppur mun leggja fram 35 milljónir. Áætlanir eru um að byggja upp og lagfæra ferjubryggjuna að einhverju leiti í sumar 2018.
- Umræður um Smábátahöfn í Flatey. Félagar innan FFF hafa verið í samskiptum við sveitarfélagið varðandi smábátahöfn. FFF telur mikilvægt að koma smábátahöfn inn á samgönguáætlun og styður þetta málefni.
- Umræður um ferjuna Baldur frá bilun í nóvember. Stjórn harmar að ekki hafi verið betur staðið að þjónustu við Flateynga og sunnanverða Vestfirði þennan tíma. Ferjan bilaði í nóvember og flutningur á sorpi og vatni lá niðri sem hefur valdið vatnsskorti, yfirfullum sorpgámum og vandamálum á flutningi á neysluvörum og lyfjum til íbúa. Varaferjan (Særún) bilaði einnig á þessum tíma. Frumkvæði vantaði í upplýsingamiðlun, upplýsingar bárust ekki fyrir en íbúar/sumarhúsaeygendur báru sig eftir þeim og það olli óþægindum á marga vegu. Á heimasíðu Sæferða voru ekki upplýsingar um stöðu á ferðum yfir fjörðinn. Breytingar með stuttum fyrirvara voru ekki kynntar nema á Facebook síðu félagsins og íbúar Flateyjar eru ekki almennt notendur þess miðils. Samþykkt að stjórn FFF sendi bréf með þessum atriðum til Sæferða, Vegagerðarinnar og birti á heimasíðu FFF.
- Umræður um Drónaflug í Flatey. Samgöngustofa hefur gefið út reglur um flug Dróna. Stjórn FFF leggur til að flug dróna og fjarstýrðra flugtækja í og við Flatey verði bannað með öllu nema með sérstöku leyfi og það verði tekið til umræðu og atkvæðagreiðslu á aðalfundi FFF.

- Gert grein fyrir vinnu stýrihóps um Verndarsvæði í byggð. Stýrihópurinn hefur fundað og verið í samskiptum í haust og boðað hefur verið til samráðsfundar með fulltrúum fasteignaeigenda í Flatey miðvikudaginn 31. Janúar 2018, kl. 17. í Ármúla 32, 3. hæð, húsnæði ráðgjafafyrirtækisins Alta. Viðfangsefni fundarins er að leita eftir sjónarmiðum húseigenda til að nota við gerð skilmála um verndarsvæði í byggð. Svæðið í Flatey nær yfir þorpið, Klausturhóla, Kirkjuna og út fyrir Vesturbúðir. Slóð á málefni verkefnisins er <http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/verndarsvaedi-i-byggd/> Fulltrúar FFF í stýrihópnum eru Gyða Steinsdóttir og Valdimar Valdimarsson og Kristín Ingimarsdóttir er til vara. GS og VV hafa mætt á fundina.
- Umræður um Aðalfund FFF. Aðalfundurinn verður haldinn 3. mars næstkomandi að undangengnum aðalfundi flateyjarveitna. Samþykkt að fá sal Breiðfirðingafélagsins (Konnkot) undir fundina. Vetrarhátíð FFF verður svo um kvöldið venju samkvæmt og fer hún fram að Smiðjuvegi 1 í Kópavogi (sama stað og í fyrra). Fulltrúar einarshúss og Strýtu standa að hátíðinni þetta árið. Breytingar verða á stjórn FFF í ár. KSI gengur út vegna tímakvóta. Samþykkt á fundinum að DHS setji tilkynningu um þetta á heimasíðu FFF og óski eftir tillögum að nýjum fulltrúum í stjórn.
- Umræður um Umhverfisverðlaun.
- Upplýst á fundinum að skemmtiferðaskip hafi áætlað komur í Flatey fyrir sumarið 2018.
- Næsti stjórnarfundur er áætlaður þann 31. janúar næstkomandi, um leið og fundurinn hjá Alta verður haldinn. Þá verður einnig reynt að fá ÆP til spjalls.

Fundi slitið kl. 15:00